

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2013-2014



Kór skólans syngur við útskrift vorið 2014 undir stjórn Gunnars Ben.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lýsing á starfsemi skólans	3
Hlutverk	3
Umfang	3
Nemendur	3
Starfsfólk	3
Húsnæði	4
Kennsla	4
Fjármál	5
Greining tölulegra gagna	5
Innritun nýnema	5
Námsframvinda – brottfall	6
Skólasókn	6
Þróunarverkefni	7
Könnunin Stofnun ársins	8
Viðhorfskönnun á bókasafni og mötuneyti	8
Bókasafn – helstu niðurstöður	8
Mötuneyti – helstu niðurstöður	9
Jafnrétti	10
Launakjör starfsfólks	10
Eineltismál og kynferðisleg áreitni	10
Jafnréttisfræðsla í kennslu	11
Jafnréttismál hjá nemendafélaginu	11
Skólapúlsinn	12
Einelti og áreitni	12
Líðan og heilsa	12
Skólabragur	13
Ytri úttekt	14
Heilsueflandi skóli	14
Árangur í umbótum skólaárið 2013-2014	15
Bókasafn	15
Mötuneyti	15
Skólapúlsinn	16
Forvarnir	16
Jafnrétti	16
Almenn braut, brautabré	16
Rekstur	16
Umbótaáætlun	17
Starfsmannasamtöl	17
Svefnleysi nemenda	17
Almenn braut, brautabré - framhaldsverkefni	17
Tillögur skólans til úrbóta í framhaldi af úttektarskýrslu	17
Lokaorð	19

Inngangur

Sjálfsmati í Kvennaskólanum er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótastarfs. Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans.

Sjálfsmat skólaársins 2013-2014 er byggt á:

1. Greiningu á ýmsum gögnum úr upplýsingakerfi skólans (Innu), úr bókhaldskerfinu (ORACLE) og úr umsóknum um skólann.
2. Könnun fjármálaráðuneytisins um Stofnun ársins sem unnin er í samvinnu við SFR og fleiri. Könnunin var gerð í febrúar til apríl 2014. Og ítarlegri greiningu frá Capacent gallup fyrir skólann.
3. Viðhorfskönnun á bókasafni og mötuneyti frá maí 2014.
4. Skýrslu jafnréttisfulltrúa veturinn 2013-2014 og Skólapúlslinum sem kannaði meðal annars líðan nemenda í skólanum með tilliti til eineltis og kynferðislegrar áreitni.
5. Úttektarskýrslu á starfsemi Kvennaskólans fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið frá fyrirtækinu Attendus.

Lýsing á starfsemi skólans

Hlutverk

Kvennaskólinn í Reykjavík er menntaskóli og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið er hlutverk Kvennaskólans kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum í bekkjakerfi. Einnig starfrækir skólinn almenna braut, brautabré, í tilraunaskyni frá haustinu 2011.

Umfang

Nemendur

Skólaárið 2013-14 stunduðu 655 nemendur nám við skólann. 227 nemendur hófu nám í 1. bekk, þar af 211 sem komu beint úr 10. bekk. Í desember 2013 útskrifuðust 27 stúdentar allir úr 4. bekk. Vorið 2014 fóru 614 nemendur í vorpróf og 137 stúdentar voru útskrifaðir (þar af 1 í lok júní).

Skipting nemenda á brautir var þannig að um 39% nemenda voru á félagsvísindabraut, 13% á hugvísindabraut, 46% á náttúruvísindabraut og 2% á brautabré.

Eins og áður voru stúlkur fleiri en piltar í nemendahópnum og þetta ár voru piltar 37% nemendahópsins sem er sama hlutfall og árið á undan.

67% nemenda áttu lögheimili í Reykjavík eða á Seltjarnarnesi og 92% á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Starfsfólk

Við skólann störfuðu alls 66 á skólaárinu, 55 kennarar, skólameistari, aðstoðarskólameistari, námstjóri, fjármála- og skrifstofustjóri, fulltrúi á skrifstofu, 2

bókasafnsfræðingar í u.þ.b. hálfu starfi hvor, umsjónarmaður, matreiðslumeistari og 2 aðstoðarmenn í mötuneyti. Kennurum fjölgaði frá fyrra ári vegna veikinda og lítilla hlutastarfa. Úr hópi kennara voru 12 fagstjórar, faktor (sem er umsjónarmaður kennslu í Uppsölum) og 3 verkefnisstjórar. Verkefnisstjórnir voru með eftirtalin verkefni: erlend samskipti, félagsmál nemenda og forvarnir. Tveir námsráðgjafar störfuðu við skólann og sinni annar þeirra einnig kennslu og eru taldir með kennurum.

Um 26% kennara eru karlar en 74% konur. 62% kennara skólans eru með aðra eða þriðju háskólagráðu (MA/MS/MPaed eða Dr) og allir með kennsluréttindi í framhaldsskóla.

Fyrirtæki sjá um ræstingar, tölvuumsjón og táknaðskennslu.

Húsnæði

Skólinn starfar nú í þremur húsum, að Fríkirkjuvegi 9, Fríkirkjuvegi 1 og í Þingholtsstræti 37. Húsnæði skólans er alls **5031 fermetri**. Rými á hvern nemanda er 7,7 fermetrar.

Aðalbygging og Nýbygging Fríkirkjuvegi 9	Miðbæjarskólinn Fríkirkjuvegi 1	Uppsalar Þingholtsstræti 37
Aðalskrifstofa skólans	Aðstoðarskólameistari	Faktor
Skólameistari	Þróunarstjóri	Mötuneyti
Fjármálastjóri	Námsráðgjafar	Leiksvið
Matstofa starfsmanna	Félagsmálastjóri	Stofur U5 - U8
Umsjónarmaður	Forvarnarfulltrúi	
Bókasafn	Vinnuaðstaða kennara	
Vinnuaðstaða kennara	Íþróttasalur, búningsherbergi	
Stofur N2 - N6	Stofur M01, M10 - M12, M14 - M19	
Stofur A1, A4 - A6	Stofur M22 - M28	
Nemendaráð	Nemendaver	

Allar kennslustofur eru með tölvu og skjávarpa ásamt hljóðkerfi. Í skólanum er þráðlaust net, tvær tölvustofur önnur með 27 tölvum en hin með 22 tölvum. Nemendur hafa að auki aðgang að 10 borðtölvum í lestrarsal bókasafnsins, 10 vélum á göngum skólans og svo eru 10 vélar í nemendarymum. Á bókasafni skólans eru lesbásar fyrir 16 nemendur, 40 sæti við vinnuborð og fartölvur sem nemendur geta pantað afnot af. Skólinn er með um 20 fartölvur til ráðstöfunar í kennslu eftir pöntun. Nemendur hafa aðgang að prenturum í öllum byggingum skólans. Íþróttakennslan fer öll fram í Miðbæjarskólanum.

Gerð hefur verið rýmingaráætlun fyrir öll húsin og kort um flóttaleiðir sett í öll rými skólans. Rýmingaráætlunin er á heimasíðu skólans, slóðin er <http://www.kvenno.is/pages/393>.

Kennsla

Kvennaskólinn starfar samkvæmt bekkjakerfi og skólaárið 2013-2014 skiptust nemendur skólans í 29 bekki eins og taflan hér sýnir:

Ár	Félagsvísinda- /félagsfræðabraut Fjöldi bekkja	Hugvísinda- /málabraut Fjöldi bekkja	Náttúruvísinda- /náttúrufræðibraut Fjöldi bekkja	Almenn braut- brautabré Fjöldi bekkja
1	3	1	4	1
2	4	1	5	
3	3	1	4	
4*	1*	*	1*	

*Nemendum á 4. ári var skipt í tvo bekki, einn sameiginlegan á náttúruvísinda- og hugvísindabraut og 1 á félagsvísindabraut. Í reynd eru 4. árs nemendur mikið með yngri nemendum bæði í valhópum og einnig að taka greinar sem ólukið er í kjarna.

Fjármál

Framlög á fjárlögum til skólans árið 2013 námu samtals 414,7 m. kr. að meðtöldum ríkistekjum sem skólinn innheimtir. Skólinn fékk viðbótarfjárheimildir vegna nemendauppgjörs, námsleyfa, sjálfsmats framhaldsskóla og þróunarstyrks vegna þriggja ára skóla. Í heild varð framlag ársins 456,5 m. kr. sem er 6,1% hækkun til reglulegs rekstrar. Aðrar tekjur voru 59,4 m. kr sem er 16,4% lækkun á milli ára.

Rekstrargjöld ársins voru samtals 535,0 m.kr. sem er 2,4% hækkun gjalda. Rekstrartap skólans á árinu var 219,1m.kr. Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði í árslok var neikvæð um 42,2 m. kr. og höfuðstóll neikvæður um 40,7 m. kr. Árið áður var greiðslustaðan neikvæð um 40,3 m. kr. Reksturinn var því mjög erfiður eins og árið á undan.

Laun og launatengd gjöld hækkðu um 1,9% eða 7,6 m. kr.

Hallareksturinn má rekja til langvarandi niðurskurðar á launastiku í reiknilíkani sem veldur því að farmlag á ársnemanda skólans er alltof lágt.

Greining tölulegra gagna

Skoðuð voru ýmis töluleg gögn svo sem tölur varðandi aðsókn nýnema, skólasókn allra nemenda og árangur þeirra á prófum.

Innritun nýnema

Aðsókn að skólanum var mun meiri en hægt var að anna og vorið 2013 sóttu 690 nemendur um að komast í skólann þar af 631 nýnemi. 241 umsækjandi fékk skólavist. Líkt og undanfarin ár áttu umsækjendur um 1. bekk það sameiginlegt að hafa staðið sig vel á grunnskólaprófi og í töflunni hér á eftir má sjá meðaleinkunnir nýnema sem teknir voru á bóknámsbrautir skólans á grunnskólaprófum (skólaeinkunnir) í stærðfræði, íslensku og ensku.


Námsgrein	Nýnemar vor 13	Nýnemar vor 12	Nýnemar vor 11
Stærðfræði	8,5	8,5	8,4
Íslenska	8,6	8,5	8,4
Enska	8,8	8,8	8,6

Námsframvinda – brottfall

Af þeim 655 nemendum sem hófu nám við skólann haustið 2013 hurfu 19 frá námi einhvern tíma vetrarins. Þetta svarar til 3% brottfalls. Af þessum 19 brottfallsnemendum hættu 18 um áramót. 16 fóru í aðra skóla og 1 hætti vegna veikinda. 9 af þeim sem hættu eftir haustönn og fóru í aðra skóla voru nýnemar. 1 nemandi hvarf frá námi í apríl vegna veikinda. Af brottfallsnemendum 19 voru 2 á brautabré sem svarar til 13% brottfalls af þeirri braut, 9 á félagsvísindabraut sem svarar til 3,5% brottfalls af félagsvísindabraut, 1 á hugvísindabraut sem svarar til 1,4% brottfalls af braut og 7 á náttúruvísindabraut sem svarar til 2,2% brautarbrottfalls. Nemendur sem útskrifuðust með stúdentspróf á skólaárinu voru samtals 164, 27 útskrifuðust í desember og 137 í maí.

Skólasókn


Grafið hér að neðan sýnir skólasókn nemenda veturinn 2013-2014 að teknu tilliti til veikindavottorða.



Þegar grafið er skoðað sést að hjá 81% nemenda er skólasóknin yfir 90%.

16% nemenda hefur skólasókn á milli 80 og 90% en hjá 3% nemenda er skólasóknin 80% eða lægri. Þetta er nánast sama niðurstaða og í fyrra.

Áhugavert er að skoða tengsl skólasóknar nemenda og þess í hvaða árgangi þeir eru og sýnir grafið hér að neðan það samhengi.



Skólasóknin er best hjá nemendum á 1. ári, 97%. Hjá nemendum á 2. ári er hún 95% og hjá 3. ári 92%. Meðalskólasókn 4. bekkinga er 87% en nemendur á 4. ári eru fáir, aðeins 36 og af þeim útskrifuðust 27 í desember. Mætingartölur 4. bekkinga eru því ekki alveg sambærilegar við hinar tölurnar.

Ef skólasókn nemenda er skoðuð eftir því á hvaða námsbraut þeir eru kemur í ljós að tiltölulega lítill munur er á skólasókn nemenda ólíkra brauta. Meðalskólasóknin er 95% hjá nemendum náttúruvísindabrautar en á öllum hinum brautunum, félagsvísindabraut, hugvísindabraut og brautabré er hún 93%.

Allar tölur um skólasókn nemenda sem rætt hefur verið um hér að ofan tengjast vottorðaskólasókn þ.e. skólasókn þar sem tekið hefur verið tillit til veikindavottorða. Raunskólasókn nemenda er einnig skráð og þeir sem ná raunskólasókn 96% eða hærrí fá eina einingu yfir veturinn fyrir það. Veturinn 2013-2014 fengu 29% nemendur einingu fyrir skólasókn. Veturinn þar á undan voru það 27% nemenda og árið þar á undan 30% nemenda sem fengu þessa einingu.

Þróunarverkefni

Þróunarverkefni Kvennaskólans við innleiðingu nýrrar námskrár er að mestu lokið. Námsbrautir skólans eru í umsóknarferli hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hafa verið samþykktar munnlega.

Samningu skólanámskrár Kvennaskólans er lokið og hún birt á heimasíðu skólans sbr.: <http://www.kvenno.is/pages/437>. Allir nemendur skólans stunda nú nám samkvæmt nýju kerfi og fjórði árgangurinn mun útskrifast vorið 2015.

Gerð hefur verið lokaskýrsla um þróunarstarfið og er hún á heimasíðu skólans, sjá: <http://www.kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11248>.

Könnunin Stofnun ársins

Val á Stofnun ársins er samvinnuverkefni fjármálaráðuneytisins, SFR og fleiri. Könnunin er ein stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. Fjöldi stofnana sem tók þátt í könnuninni 2014 var rúmlega 200 og alls svöruðu 41% starfsmanna á landsvísu en svarhlutfallið var 57% í Kvennaskólanum.

	Meðaltal allra		Kvennaskólinn í Reykjavík		
Þættir / Ár	2014	2014	2013	2012	2011
Einkunnarröð		14	7	17	21
Heildareinkunn	3,789	4,018	4,057	4,001	3,89
Trúverðugleiki stjórnenda	3,75	4,24	4,22	3,98	4,23
Starfsandi	4,15	4,41	4,40	4,4	4,57
Launakjör	2,54	2,13	2,61	2,75	2,57
Vinnuskilyrði	3,82	3,84	3,94	3,99	2,54
Sveigjanleiki vinnu	4,12	3,47	3,49	3,5	3,37
Sjálfstæði í starfi	4,19	4,43	4,48	4,36	4,45
Ímynd stofnunar	3,66	4,52	4,55	4,51	4,42
Ánægja og stolt	4,03	4,47	4,51	4,38	4,44
Svarhlutfall	47,1	57%	50,7%	70-79%	60-69%

Kvennaskólinn lendir í 14. sæti í einkunnarröð 79 stofnana í sínum stærðarflokki. Skólinn færir sig niður um 7 sæti á milli ára. Það er fyrst og fremst lækkun mats á þáttunum launakjör og vinnuskilyrði sem veldur þessari breytingu. Einnig má nefna að heildarmat allra stofnana í þessum stærðarflokki hækkar talsvert á milli ára (um 0,042). Allir þættir eru fyrir ofan meðallag hjá skólanum nema launakjör og sveigjanleiki vinnunnar. Könnunin er gerð þegar verkfall framhaldsskólakennara hafði verið boðað og á meðan það stóð yfir.

Í ítarlegri greiningu fyrir skólann kemur fram að starfsmannasamtöl fara ekki reglulega fram og ekki er gerð starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn. Úr þessu þarf að bæta.

Viðhorfskönnun á bókasafni og mötuneyti

Tilgangur könnunarinnar sem lögð var fyrir í maí 2014 var að fá vitneskju um hvort og þá hvernig starfsfólk skólans nýtir sér þjónustu bókasafns og mötuneytis skólans. Þegar könnunin var lögð fyrir voru starfsmenn skólans 67 talsins. Fjörutíu þeirra svöruðu könnuninni eða 59,7%.

Bókasafn – helstu niðurstöður

Algengustu erindi starfsfólks á bókasafnið eru annars vegar að nýta þjónustu sem bókasafnið veitir varðandi mynddiska og hins vegar að koma tillögum að gagnakaupum til bókasafns. Starfsmenn skólans nota bókasafnið í margs konar tilgangi. Algengasta ástæðan er sú að þeir koma með nemendahópa vegna verkefnavinnu. Einnig nefndu margir að þeir kæmu vegna þess að þar er hægt að fá lánaðar fartölvur auk þeirra borðtölva sem þar eru

og einnig eru þar orðabækur og fræðibækur sem þægilegt er að grípa til í verkefnavinnunni. Í þessari spurningu kemur í ljós að kennarar virðast ekki sækja mikið í að nýta safnkostinn og bókasafnsaðstöðuna við kennsluundirbúning.

Aðspurðir um opnunartíma safnsins og það hvort hann sé nægilegur segir um helmingur starfsmanna að þeim finnst hann nægilegur en um 42% hafa ekki skoðun á þeim þætti.

Þegar starfsmenn skólans eru spurðir hvað þeim finnst um úrval bóka á bókasafninu svara nákvæmlega jafn margir því að þeim finnst það frekar gott og frekar slæmt. Einn aðspurðra telur úrvalið mjög slæmt en tæp 40% svarenda hafa ekki skoðun á málinu. Það eru því skiptar skoðanir um þennan þátt.

Flestir þeirra sem höfðu skoðun á vinnuaðstöðu nemenda telja hana mjög góða eða frekar góða en skoðanir eru skiptari á því hvort vinnufriðurinn á safninu sé góður. Um 44% treysta sér ekki til að dæma um það en af þeim sem höfðu skoðun á þessum þætti eru 35,3% á því að hann sé góður eða frekar góður en 20,6% telja vinnufriðinn ekki viðunandi.

Þegar svarendur eru beðnir um að segja til um hvers konar þjónustu þeir vilji að bókasafnið veiti reynast þrír mikilvægustu þættirnir vera lesaðstaða fyrir nemendur, aðstoð við nemendur í heimildaleit og vinnuaðstaða fyrir verkefnavinnu nemenda í þessari röð. Í heildina segja 54% aðspurðra að þeir séu ánægðir með þjónustu bókasafnsins, rúmlega 40% hafa ekki skoðun á þessu atriði en 5,41% eru frekar óánægðir með þjónustuna.

Í lok bókasafnskönnunarinnar eru svarendur beðnir um að gera grein fyrir því sem þeim finnst jákvætt við bókasafnið. Þegar rýnt er í svörin kemur í ljós að þrjú atriði eru oftast nefnd í svörunum. Svarendur telja að viðmót starfsmanna safnsins sé gott og þjónustan og aðstaðan á safninu sé góð. Fallegt og notalegt umhverfi var líka nokkrum svarendum ofarlega í huga. Aðspurðir um það sem betur mætti fara voru þrjú atriði langoftast nefnd; betri lesaðstaða og hópavinnuaðstaða, það þyrfti að bæta bóka og gagnakost og að lokum að tölvukostur safnsins væri ekki nógu góður.

Þegar rýnt er í útkomuna úr bókasafnskönnuninni vekur athygli hve margir starfsmenn segjast ekki nota safnið eða hafa ekki skoðanir á því sem spurt er um varðandi safnið. Þetta eru frá um þriðjungu svarenda upp í rúm 60% eftir spurningum. Það er því greinilega full ástæða til að efla samstarf bókasafnsstarfsmanna og annars starfsfólks skólans, t.d. með kynningu á starfsemi safnsins og þeim möguleikum sem kennarar hafa til þess að notfæra sér það sem þar er boðið upp á.

Mötuneyti – helstu niðurstöður

Í mötuneytiskönnuninni eru svarendur spurðir að því hverju þeim finnst helst þurfa að breyta varðandi hádegismatinn. Það sem þeir telja mikilvægast er að hafa meiri fjölbreytni í matarvali en þeim finnst einnig skipta máli að maturinn sem í boði er sé hollur. Matarverðið virðist skipta minna máli en þessir þættir.

Þegar spurt er um hvers konar mat menn vilji helst borða í hádeginu kemur fram að mestu skíp er að hafa heitan mat en næst á eftir raðast salatbar og grænmetisréttir. Aðrir kostir röðuðust síðar en þessir þrír en minnst stemning virðist vera fyrir pastaréttum og brauði og áleggi. Í könnuninni voru svarendur beðnir um að nefna þær matartegundir sem þeir vildu fá meira af en nú er. Í svörunum kemur fram að þar er fiskur langefstur á blaði. Það er

almennur vilji fyrir því að fá hann oft. Þau atriði sem næst komast eru að svarendur vilja fá meira af góðum grænmetisréttum, kjúklingaréttum og nýbökðu brauði með. Það sem svarendum finnst að helst megi missa sín af því sem nú er boðið upp á nefna langflestir unnar kjötvörur og benda einhverjir á að þær samræmist ekki markmiðum heilsuefliandi skóla. Annað sem menn vilja út af matseðlinum eru pastaréttir og Kínarúllur. Annað sem nefnt var undir þessum lið var ekki jafn afgerandi og virðist því frekar tengjast ólíkum smekk svarenda en almennri óánægju.

Þegar svarendur eru beðnir um að nefna það sem þeim þykir jákvæðast við mötuneytið standa tvö atriði algerlega upp úr. Annað er ánægja með gott viðmót og þjónustulund starfsfólks mötuneytisins en hitt er það að fiskréttir, sem í boði eru, eru í miklu upphaldi hjá starfsfólki. Fleira sem nefnt er og þykir jákvætt er gott hráefni, vel framreiddur matur og fagmennska.

Þegar beðið er um að starfsfólk nefni það sem því þykir að megi betur fara varðandi mötuneytismál stendur ekkert eitt atriði upp úr. Nefnt er að það þurfi að hugsa betur um kennarastofuna í Miðbæjarskólanum og einnig að það þurfi að taka unnar kjötvörur út af matseðlinum. Ýmislegt annað er tínt til en það virðast mest einstaklingsbundnar skoðanir á því. Má þar nefna að svarendur vilja meiri fjölbreytni í framboði, fjölbreyttari ávexti, passa að fylla á ísskápana á kennarastofunum, passa betur upp á að hafa nægan mat á vinnu- og prófadögum, fjölbreyttari og matarmeiri súpur og að bjóða upp á mat/matarastöðu í Miðbæjarskólanum.

Það er ekki annað að sjá en svarendur séu frekar ánægðir með mötuneytið og einnig að það ætti í flestum tilfellum að vera auðvelt að laga það sem nefnt er að betur megi fara.

Jafnrétti

Árið 2012 var skipuð fyrsta jafnréttisnefnd Kvennaskólans í Reykjavík og formaður hennar, Þórður Kristinsson kennari, er jafnréttisfulltrúi skólans. Jafnréttisfulltrúi skilaði skýrslu um starfið á skólaárinu 2013-14. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram.

Launakjör starfsfólks

Markmið:

Stuðla að meðvitund starfsfólks um hvað hefur áhrif á launakjör þeirra.

Athugun:

Skólameistari fór yfir vinnuskýrslur í byrjun skólaárs og rifjað upp með kennurum hvaða þættir hafa áhrif á launaflokk og þrep. Á næsta skólaári er áætlað að taka starfsmannaviðtöl við alla starfsmenn skólans. Samkvæmt nýjum kjarasamningum verður farið í að búa til nýtt vinnumat fyrir kennara á næsta skólaári sem síðan verður kosið um í febrúar 2015.

Eineltismál og kynferðisleg áreitni

Markmið:

Að tryggja að áætlun vegna eineltis/kynferðislegrar áreitni sé virk.

Athugun:

Eineltisáætlun skólans var endurskoðuð og kynnt fyrir starfsfólki skólans á fyrsta kennarafundi haustsins. Þar fór Hildigunnur Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi við skólann, yfir verkferla varðandi eineltismál í skólaumhverfinu. Stefnan og glærur notaðar í

kynningunni voru vistaðar á kennarasvæðinu sem er aðgengilegt öllu starfsfólki skólans. Á sama fundi var skipað eineltisteymi skólans sem hefur það hlutverk að taka á þeim málum sem kennarar geta ekki leyst sjálfir.

Eineltisáætlunin er kynnt í áfanganum Nýnemafræðsla (NÝNE 1NÝ01). Tvö eineltismál komu upp á síðastliðnum vetri sem fóru í ferli hjá eineltisteyminu.

Jafnréttisfræðsla í kennslu

Markmið:

Að tryggja jafnréttisfræðslu í kennslu.

Athugun:

Jafnréttisfulltrúi fór yfir gögn sem voru sett saman af kennurum skólans um hvar jafnréttiskennsla fer fram í hinum ýmsu fögum skólans haustið 2011. Það er ljóst að í flestum fögum skólans er komið inn á jafnréttishugtakið í einni mynd eða annarri.

Til þess að hvetja kennara og annað starfsfólk skólans til frekari dáða á þessum vettvangi kynnti jafnréttisfulltrúi þemahefti um jafnrétti sem eina af grunnstoðum nýrrar námskrár frá 2013 (<http://vefir.nams.is/flettibaekur/ritin/jafnretti/jafnretti.html>). Þar er ekki einungis komið inn á hvernig megi kenna um jafnréttishugtakið heldur einnig hvernig kennslan sjálf getur verið byggð á jafnréttissjónarmiði. Þá er komið inná hvernig jafnrétti getur verið hluti af öllu skólastarfi og verið hluti af hinum almenna skólabrag.

Jafnréttismál hjá nemendafélaginu

Markmið:

Tryggja að jafnréttismál séu á dagskrá nemendafélagsins.

Athugun:

Eftir fremur slappa tilraun til að setja á laggirnar jafnréttisnefnd nemendafélagsins var ákveðið að reyna annarskonar skipunarleið í slíka nefnd. Stjórnarmeðlimir Keðjunnar voru sammála um að skipa ætti aðila úr stjórninni til þess að sitja í nefndinni þar sem meiri líkur væru á að tillögur nefndarinnar væru teknar til skoðunar og lögum breytt ef svo væri Sömuleiðis komst stjórn Keðjunnar að þeirri niðurstöðu að nefndin ætti einungis að snúast um jafnrétti en ekki hagsmuni nemenda almennt eins og gert var árið áður. Nú voru meðlimir í jafnréttisnefnd Keðjunnar skipaðir úr stjórninni sjálfri. Til þess að halda utan um hópinn þótti réttast að stofna *facebook* hóp þar sem hægt var að skiptast á hugmyndum, kalla til fundar og dreifa skjölum á milli þátttakenda.

Jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd Keðjunnar náðu að funda fimm sinnum yfir veturinn og þar af einu sinni með jafnréttisnefnd starfsfólks skólans. Fundirnir fóru aðallega í tvö atriði; tilgreina formlegt hlutverk jafnréttisnefndarinnar fyrir lög Keðjunnar og setja saman aðgerðaráætlun fyrir nemendafélagið. Eins og með annað skólastarf þá hafði verkfallið áhrif á starf jafnréttisnefndarinnar en engu að síður náði hópurinn að skipuleggja fyrirlestur fyrir nemendur í matsalnum í hádeginu þann 30. apríl. Þar komu Egill Fannar Halldórsson og Viktor Sveinsson sem kynntu rannsókn sína á viðhorfum ungs fólks til femínisma. Auk þessa skipulagði hópurinn úttekt á hjólastólaaðgengi í Kvennaskólanum og birtu myndræna framsetningu á henni í skólablaðinu (blaðsíðu 42 hér: http://issuu.com/benmstacey/docs/heimas__tan_2014).

Í lok annar voru nýir meðlimir í jafnréttisnefnd nemenda fengnir úr þeim hópi sem var kosinn til starfa fyrir Keðjuna og þeim bætt við *facebook* hópinn.

Skólapúlsinn

Veturinn 2013-14 fór Kvennaskólinn í samstarf við Skólapúlsinn sem kannaði líðan og skólabrag nemenda í skólanum. Könnunin var lögð fyrir úrtak úr nemendahópnum og er afraksturinn mjög umfangsmikill og mun nýttast vel til frekari stefnumótunar hjá skólanum. Hér er farið yfir helstu niðurstöður hans.

Einelti og áreitni

Sex prósent þátttakenda í könnuninni upplifa einelti í skólanum en meðaltalið yfir landið er 8,4%. Það er þó ekki marktækur munur á Kvennaskólanum og öðrum skólum. Samtals eru það 8 einstaklingar sem upplifa einelti í skólanum, 5 stelpur og 3 strákar. Flestir eru á fyrsta ári eða 5, einn á öðru ári og tveir á þriðja ári. Þetta eru ekki margir einstaklingar en það er nauðsynlegt að hafa augun opin fyrir þessum nemendum og vera meðvitað um að það líður ekki öllum vel í skólanum og að þeir nemendur séu meðvitaðir um þær leiðir sem eru í boði til þess að taka á þessum vanda.

Áreitni og ofbeldi er svipað og á landsvísu þar sem 19% nemenda skólans höfðu upplifað ofbeldi, niðurlægingu eða áreitni a.m.k. einu sinni sl. mánuð en á landsvísu eru það 20,6%. Það eru álíka margir strákar og stelpur sem upplifa kynferðislega áreitni (óvelkomin snerting, kynferðislegar athugasemdir eða uppnefni) í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans, nánar tiltekið eru þetta 6 stelpur og 5 strákar og af þessum nemendum hafa 3 strákar og 5 stelpur orðið fyrir þess lags áreitni þrisvar sinnum eða oftar seinustu tvo mánuði. 4 nemendur hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (þvingun til kynlífsathafna eða tilraun til þvingunar) á sama tíma, 3 stúlkur og 1 drengur. 5 stúlkur og 4 drengir hafa orðið fyrir barsmíðum eða öðru líkamlegu ofbeldi mánuðinn á undan könnuninni, 3 drengir og 2 stelpur þrisvar eða oftar. Þá höfðu 10 nemendur upplifað hótun eða ógnun þannig að þeir óttuðust um öryggi sitt og er kynjahlutfallið jafnt í þeim hóp.

Þessar niðurstöður segja okkur að í nemendahóp Kvennaskólans eru vissulega nemendur sem hafa upplifað mjög alvarlega hluti og starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað og vakandi fyrir möguleikanum á því að nemendur þeirra þurfi á aðstoð að halda. Því er mjög nauðsynlegt að rifja upp áætlunina fyrir eineltis- og kynferðislega áreitni og halda umræðunni um þessi mál lifandi. Þá er sú staðreynd að þessir hlutir gerast í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans nokkuð sem þarf að vekja athygli á og finna leiðir til þess að vinna gegn meðal annars með nemendafélaginu.

Líðan og heilsa

Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins líður nemendum Kvennaskólans marktækt betur en í samanburðarskólunum. Munurinn er þó ekki mikill en það vekur athygli að kynjabreytan kemur sterk inn. Líðan, hamingja og sjálfsálit bæði karl- og kvenkyns nemenda skólans mælist yfir meðaltali en stúlkur skora þó nokkuð hærra hjá Kvennaskólanum en piltar. Þarna gætu verið nokkrar mismunandi ástæður, t.d. gæti verið að í nemendahóp Kvennaskólans veljist hreinlega nemendur sem líður betur en gengur og gerist og að stúlkur séu hreinlega sterkari frá byrjun. Spurning 1.3.1. í könnuninni ýtir undir þessa útskýringu þar sem nemendur eru beðnir um að taka afstöðu til spurningarinnar „Ég hef marga góða eiginleika“ og þar sem 51,1% nemenda Kvennaskólans eru mjög sammála þeirri fullyrðingu í samanburði við 44,6% á landsvísu. Einnig hafa stúlkur marktækt meiri tilfinningu fyrir því að hafa stjórn á eigin lífi miðað við samanburðarhópinn. Annað sem gæti útskýrt góða líðan í Kvennaskólanum er að hér er lögð áhersla á skólabrag sem

einkennist af jafnrétti og þá ekki síst á milli kynjanna þar sem er m.a. tekið á samskiptum þeirra í fyrsta árs áfanga.

Þá kemur fram marktækur munur á árgöngum og á meðan fyrstu 3 árin eru allstaðar yfir meðaltali í líðan og hamingju þá sker fjórða árið sig úr meðal nemenda skólans þar sem sá hópur fer niður fyrir meðallíðan í öðrum skólum. Þar kemur sérstaða Kvennaskólans inn þar sem flestir nemendur útskrifast á þremur árum og þeir sem útskrifast á lengri tíma geta upplifað sig sem afgangsstærð. Einnig er hugsanlegt að undirliggjandi vanlíðan sé ástæða þess að einhverjir þessara nemenda eru að taka námið á fjórum árum. Þrátt fyrir að það séu fá gildi á bak við þessar tölur (einungis 12 nemendur af fjórða ári svöruðu könnuninni) er vert að fylgjast sérstaklega með líðan þessa nemendahóps þegar kemur að líðan nemendahópsins.

Á þeim skólum sem meta þunglyndi, kvíða, líkamsímynd, megrun, megrunarþráhyggju og steranotkun meðal nemenda er Kvennaskólinn á pari við samanburðarskóla. Það kemur fram að það er marktækur munur á líkamsímynd eftir árgöngum þar sem 4. árið sker sig aftur úr með lægri líkamsímynd en önnur námsár og einnig eru stúlkur með töluvert lægri líkamsímynd en piltar. Það vekur áhyggjur að 14 nemendur svara því játandi að hafa kastað upp til að koma í veg fyrir þyngdaraukningu, þar af segjast 4 þeirra kasta upp oft eða mjög oft og 2 svara því að þeir kasti alltaf upp til að forðast þyngdaraukningu. 4 nemendur merkja við reglulega steranotkun en ekki er gerður greinamunur á ólöglegri steranotkun og steranotkun að læknissamráði.

Svefnleysi hrjáir rúmlega 38% svarenda könnunarinnar. Þar eru það piltar sem eru líklegri til þess að sofa illa en rúmlega 49% pilta á móti rúmlega 31% stúlkna glíma við svefnleysi. Langalgengasta ástæðan fyrir svefnleysi var tölvunotkun eða sjónvarpsgláp en rúmlega 73% nefndu það sem ástæðu. Þar á eftir var heimalærdómur helst það sem hélt þeim vakandi fram á nótt en rúm 64% hökuðu við það.

Skólabragur

Nemendur Kvennaskólans í Reykjavík eru með marktækt jákvæðara viðhorf og hollustu gagnvart skólanum. Þá kemur aftur fram marktækur munur á árgöngum og á meðan fyrstu 3 árin eru allsstaðar yfir meðaltali í viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum þá sker fjórða árið sig úr meðal nemenda skólans þar sem sá hópur fer niður fyrir meðal viðhorf og hollustu í öðrum skólum. Hæst mælist jákvætt viðhorf og hollusta á meðal 3. bekkinga þar sem rúmlega 82% svarenda eru jákvæðir í garð skólans en einungis 50% svarenda á 4. ári. Þá er einnig áhugavert að skoða kynjabreytuna í þessum efnunum en viðhorf og hollusta karlkyns nemenda er það sama og í samanburðarskólunum eða tæp 58%. Það eru því kvenkynsnemendur skólans sem hífa upp þennan þátt en 74,4% stelpna í Kvennaskólanum eru jákvæðar í garð skólans en einungis tæp 60% í samanburðarhópnum. Sömu sögu er að segja þegar kemur að því að skoða samsömun við nemendahópinn. 4. árið sker sig verulega úr og stelpur samsama sig frekar en strákar.

Stuðningur kennara við nemendur mælist álíka og í samanburðarskólum en það vekur athygli að það er marktækur munur á því hvernig karlkynsnemendur Kvennaskólans upplifa stuðning kennara við sig miðað við aðra karlkyns nemendur sem upplifa meiri stuðning við sig. Virk þátttaka nemenda í tímum mælist sömuleiðis álíka og í samanburðarskólum.

Þegar fjarverur nemenda eru skoðaðar kemur í ljós að 54,4% þeirra höfðu komið að minnsta kosti einu sinni of seint í tíma sl. 2 vikur en það er marktækt lægri tala en hjá

Öðrum skólum á landinu en þar var meðaltalið rúm 69%. Þar standa nemendur 1. bekkjar sig best í mætingu (35,6% mætt seint) en þriðju bekkingar verst (78,1% mætt seint). Þá mæta drengir við skólann verr en stelpur við skólann 62,3% á móti 49,4%). Sömuleiðis er skröp í tíma á sama tímabili lægra en á landsvísu eða 45,2% á móti 56,6% og einnig fjarvera án leyfis í heilan dag eða 17% á móti 28,6%.

Vinna þarf markvisst með líðan og sjálfsmynd nemenda á 4. ári. Þá er upplagt að vinna með heilsutengda þætti í sambandi við Heilsueflandi skóla og vinna með t.d. líkamsmynd nemenda og tengsl svefns og heilsu.

Ytri úttekt

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól fyrirtækinu Attendus að gera úttekt á starfsemi Kvennaskólans í vetur og hefur skýrsla um hana borist skólanum nýlega.

Í skýrslunni kemur fram að helstu styrkleikar skólans séu: jákvæður skólabragur, umhyggja, vel menntaðir, faglega sjálfstæðir kennarar, sterkir nemendur, það að sameina kosti bekkjakerfis og áfangakerfis, fagleg vinnubrögð við útfærslu aðalnámskrár, traust til stjórnenda, stolt nemenda, starfsmanna og stjórnenda með skólann.

Helstu veikleikar skólans eru þessir helstir nefndir; dreift húsnaði og skortur á fjármagni sem kemur m.a. niður á aðbúnaði og viðhaldi á húsnaði, skorti á fagstofum og mögulegum valgreinum. Þá virðist sem langur skóladagur geti skapað álag hjá sumum nemendum og dregið úr virkni í félagsstarfi skólans.

Í skýrslunni eru settar fram tillögur til úrbóta á ýmsu og er það verkefni stjórnenda skólans að setja fram áætlun um það.

Skýrslan er birt á heimasíðu Kvennaskólans, sjá <http://www.kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11165> og ráðuneytisins. Þar er einnig umbótaáætlunin sem byggir á skýrslunni, sjá <http://www.kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11166>.

Almennt má segja að skýrslan staðfesti að skólinn er á réttri leið með námsframboð sitt og skólastarfið allt þó ýmislegt megi enn bæta.

Heilsueflandi skóli

Skólinn er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli og stýrihópur vann að hreyfingarþætti þess verkefnis á skólaárinu.

Nemendur og starfsfólk skólans tók virkan þátt í átaksverkefninu „Hjólum í skólann“ í september og hrepti skólinn í 1. sæti í sínum stærðarflokki (400-999 nemendur og starfsmenn).

Ólympíuleikar Kvennaskólans voru haldnir í fyrsta sinn þann 3. mars 2014 við mikinn fögnuð nemenda og starfsmanna. Bekkir og starfsmenn mynduðu 28 lið sem kepptu á 7

stöðvum víðsvegar um skólasvæðið. Keppnisgreinar voru margvíslegar, s.s. keðjuhlaup, mætingakeppni, reiptog, pokahlaup, „actionary“, „pictionary“ og búningakeppni. Hverju liði var úthlutað ákveðnu landi sem það átti að túla á sinn hátt. Einnig var keppt í hvernig hvert lið ver hvatt áfram. Skipulag leikanna var verkefni í valáfanga nemenda sem heitir íþróttauppeldisfræði. Markmið leikanna var hreyfing, samvinna, hópefli og skemmtun.



Árangur í umbótum skólaárið 2013-2014

Í síðustu matsskýrslu voru taldar upp eftirfarandi umbætur sem stefna skyldi að í nánustu framtíð:

Bókasafn

- Bókasafnsverðir leggi mun meiri áherslu á að það sé vinnufriður á bókasafninu.
- Skoða þarf fyrirkomulag húsbúnaðar með tilliti til nýtingar.
- Vekja þarf athygli á bókasafninu t.d. með vikulegum fréttum um ný gagnasöfn á vefnum, ný tímarit o.s.frv.
- Hafa auglýsingu um opnunartíma bókasafnsins fyrir framan innganginn.
- Til að auka lestur væri hægt að setja inn frétt á heimasíðu skólans um bók mánaðarins, hægt að tengja við bækur í yndislestri og/eða kjörbækur í erlendum tungumálum.

Að þessu hefur verið unnið. Engu hefur þó verið breytt varðandi fyrirkomulag húsbúnaðar enda erfitt um vik í litlu plássi. Lögð var fyrir könnun um nýtingu starfsfólks á bókasafninu. Niðurstöður eru hér framar í skýrslunni. Þar þykir þörf á meiri kynningu og hvatningu til notkunar.

Mötuneyti

- Fara yfir uppröðun borða í mötuneytinu .
- Leita þarf leiða til að auka afgreiðsluhraðann.
- Kaupa glös til að nemendur hafi betra aðgengi að vatni. Hafa vatnskönnur aðgengilegar og/eða aðra vatnsvél.
- Hafa meira meira framboð af pasta- og grænmetisréttum og ávöxtum.
- Bæta aðstöðuna í nemendarýminu í Miðbæjarskólanum til að matast t.d. örbylgjuofn, samlokugrill og/eða vatnsvél.

- Auka vöruúrvalið í sjoppunni í Miðbæjarskólanum og hafa opnunartíma auglýsta og reglulegri.

Allir þessir þættir hafa verið bættir. Sjoppan í Miðbæjarskólanum var lögð niður en sjálfsali er kominn í staðinn og þar á að vera unnt að kaupa holla skyndibita. Lögð var fyrir könnun um nýtingu starfsfólks á mötuneytinu. Niðurstöður eru hér framar í skýrslunni.

Skólapúlsinn

Skólinn mun í samstarfi við Skólapúlsinn kanna meðal annars líðan nemenda í skólanum með tilliti til eineltis og kynferðislegrar áreitni.

Þetta var gert eins og lesa má hér að framan.

Forvarnir

Efla þarf forvarnir í skólanum til að draga úr drykkju og neyslu marjúána.

Teknir voru upp þættir úr drögum að sameiginlegri forvarnastefnu framhaldsskólanna og settir í skólanámskrá. Hafin var notkun á áfengismælum á dansleikjum og eftirlit hert.

Jafnrétti

- Stuðla að meðvitund starfsfólks um hvað hefur áhrif á launakjör þeirra
- Að tryggja jafnréttisfræðslu í kennslu . Kynna Jafnréttisþemaheftið sem eina af grunnstöðum nýrrar
- Skipuleggja jafnréttisnefnd nemendafélagsins, umfang hennar og eðli
- Afla og birta tölfræðilegar upplýsingar um jafnrétti í skólanum og birta í skólablaðinu og á heimasíðu skólans
- Skipuleggja a.m.k. eina kynningu fyrir kennara og starfsfólk um jafnréttismál á kennarafundum og/eða starfsdögum.

Allt þetta var gert, sjá skýrslu á heimasíðu skólans <http://www.kvenno.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11310>.

Almenn braut, brautabré

- Gera þarf úttekt á námsframboði á brautabré
- Skoða þarf ástæður brottfalls á brautinni og afdrif þeirra sem hætta í skólanum
- Efla þarf ráðgjöf til nemenda um áframhaldandi námsval.

Þessu er ekki lokið og verður skoðað betur skólaárið 2014-15.

Rekstur

Finna þarf leiðir til að koma rekstri skólans í rétt horf.

Þarna er erfitt um vik. Skólinn leitar allra leiða til að spara og unnið verður áfram að þriggja ára áætlun um niðurgreiðslu rekstrarhallans.

Umbótaáætlun

Á grundvelli niðurstaðna sjálfsmatsins er stefnt að eftirfarandi umbótum í næstu framtíð:

Starfsmannasamtöl

Í ítarlegri greiningu fyrir skólann kemur fram að starfsmannasamtöl fara ekki reglulega fram og ekki er gerð starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn. Úr þessu þarf að bæta.

Svefnleysi nemenda

Svefnleysi hrjáir rúmlega 38% svarenda Skólapúlsins. Þar eru það strákar sem eru líklegri til þess að sofa illa en rúmlega 49% karlkyns nemenda á móti rúmlega 31% kvenkynsnemenda glíma við svefnleysi. Langalgengasta ástæðan fyrir svefnleysi var tölvunotkun eða sjónvarpsgláp en rúmlega 73% nefndu það sem ástæðu. Þar á eftir var heimalærdómur helst það sem hélt þeim vakandi fram á nótt en rúm 64% hökuðu við það. Þarna er þörf á fræðslu til nemenda.

Almenn braut, brautabré - framhaldsverkefni

- Gera þarf úttekt á námsframboði á brautabré
- Skoða þarf ástæður brottfalls á brautinni og afdrif þeirra sem hætta í skólanum
- Efla þarf ráðgjöf til nemenda um áframhaldandi námsval.

Tillögur skólans til úrbóta í framhaldi af úttektarskýrslu

1. „Unnið verði áfram að útfærslu kennsluhátta og námsmats með aðkomu allra aðila skólasamfélagsins og faglegri forystu skólameistara.“

Unnið verður að stefnu um útfærslu námsmats skólaárið 2014-15. Tilbúið í júní 2015.

Unnið verður að stefnu um kennsluhætti sem viðheldur þó faglegu sjálfstæði kennara skólaárið 2014-15. Tilbúið í júní 2015.

2. „Hugað verði að markvissri endurmenntun starfsfólks og gerð sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn. Horft verði enn frekar til nýrra miðla í því skyni þar sem aðgangur kennara að endurmenntun getur verið erfiður á skólatíma.“

Gerð verður sí- og endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn á einstaklingsgrunni í tengslum við frammistöðumat. Þessu verði lokið í júní 2015.

3. „Gera þarf formlegri áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.“

Handbók fyrir nýja starfsmenn er í vinnslu. Tilbúin í júní 2015.

4. „Allir starfsmenn fari í starfsmannasamtöl og þeim verði skipt niður á stjórnendur skólans.“

Hafinn er undirbúningur að endurskoðun á inntaki starfsmannasamtala í samstarfi við ráðgjafa frá Capacent. Gerð verða frammistöðulíkon fyrir helstu hópa starfsmanna skólans. Þessu verði lokið í des. 2014.

Sett verða upp matskjöl í rafrænu kerfi. Því verði lokið í byrjun árs 2015.

Starfsmannasamtöl fara fram á vorönn 2015. Þeim verður skipt á þrjá stjórnendur. Lokið við að tala við alla í júní 2015.

5. „Leitast verði til að jafna hlut kynja í starfsmannahópi eftir því sem hægt er sbr. jafnréttislög.“

Skoðað verður hvort setja þurfi inn í jafnréttisstefnu skólans ákvæði um að hvetja karlmenn til starfs við skólann. Ákvörðun liggi fyrir í júní 2015.

6. „Þegar reynsla er komin á nýtt stjórnskipulag eru stjórnendur hvattir til þess að meta hvernig það hentar stærð og verkefnum skólans.“

Þetta verður sett inn í sjálfsmatsáætlun skólans og skoðað skólaárið 2015-16.

7. „Upplýsa þarf starfsmenn betur um ábyrgðarskiptingu milli skólameistara, aðstoðarskólameistara og námstjóra. Einnig bæta upplýsingamiðlun m.a. til almennra starfsmanna.“

Þetta verður gert á yfirstandandi skólaári með endurskoðun á skólanámskránni og fundum með öðrum starfsmönnum. Nú þegar hefur verið haldinn skólafundur þar sem allir starfsmenn voru boðaðir. Einnig hefur boðskiptum innanhúss verið breytt þannig að póstur er sendur á alla starfsmenn reglulega, 2-3 í viku. Þessu verið lokið í júní 2015.

8. Endurskoða þarf verkferla um agamál og kynna verkferla almennt betur fyrir starfsmönnum.“

Nú er ný skólanámskrá komin á heimasíðu skólans þar sem þessir verkferlar koma fram. Athygli hefur verið vakin á henni á tveimur fundum starfsmanna nú í haust þannig að þetta á að vera komið í gott lag.

9. „Eftirlit með því hvort kennsla er í samræmi við áfangalýsingar og kennsluáætlanir þarf að auka. Það má gera t.d. með reglulegum kennslukönnunum og eftirliti stjórnenda sem hluta af innra mati.“

Kennslukönnun verður lögð fyrir í vetur. Skipuleg rýni í kennsluáætlanir er fyrirhuguð í tengslum við starfsmannasamtölin og frammistöðumatið. Fyrirhugað er að stjórnendur skoði störf einstakra starfsmanna á vettvangi hvers og eins.

10. „Í störfum náms- og starfsráðgjafa hefur borið á vandamálum sem tengjast samskiptum nemenda og kennara. Mikilvægt er að stjórnendur í samráði við hlutaðeigandi aðila skoði hvað liggi þar að baki og bregðist við með viðeigandi aðgerðum.“

Stjórnendur munu taka þetta fyrir í starfsmannasamtölum. Þessu verið lokið í júní 2015.

11. „Rýna þarf betur niðurstöður í Framhaldsskólalámskrá og Betri líðan 2011 og nýta í aðgerðaráætlun um það sem betur má fara.“

Þetta er til skoðunar hjá námsráðgjöfum, jafnréttisfulltrúa og forvarnarfulltrúa skólans. Endurbætur eiga að skila sér inn í áætlanir um jafnrétti og forvarnir sem endurskoðaðar eru árlega.

12. „Skoða þarf hvaða áhrif fjölgun nemenda hefur á þá þjónustu sem náms- og starfsráðgjöfum ber að veita og hvort nauðsyn sé á að í skólanum starfi sérkennari þar sem nokkuð er um nemendur með greiningar. Einnig hvort bæta eigi við karlkyns ráðgjafa.“

Þetta er á óskalista skólans þegar fjárhagurinn batnar. Hér stefnir þó í fækkun nemenda eins og í öðrum framhaldsskólum.

13. „Efla mætti starfssemi foreldraráðs sbr. lög um framhaldsskóla.“

Það er erfitt fyrir skólastjórnendur að draga foreldra inn í skólastarfið nauðuga, viljuga. Haldinn er kynningarfundur fyrir foreldra nýnema snemma á hausti hverju. Aðalfundur foreldraráðs er einnig haldinn að tilstuðlan skólameistara. Skólameistari sendir foreldrum tölvupósta reglulega og hvetur þá til afskipta af ýmsum málum sérstakleg sem varða félagslíf nemenda. Oftast eru viðbrögðin lítil. Gera þarf skoðanakönnun á meðal foreldra í vetur um hvaða leiðir þau sjá til eflingar starfssemi foreldraráðs. Þessu verið lokið í júní 2015.

Lokaorð

Mesta áhyggjuefnið nú sem áður eru slæmar horfur um rekstur skólans á yfirstandandi ári og því næsta. Leita þarf leiða til að bregðast við því. Þarna er gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið mjög mikilvægt. Í því sambandi er vert að vekja athygli á ábendingar úttektaraðila:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

1. „Hagræðingaraðgerðir í kjölfar efnahagshruns hafa að mestu komið niður á viðhaldi á húsnæði, aðbúnaði og tækjakosti skólans. Hallarekstur skólans er alvarlegur og grípa verður til viðeigandi ráðstafana til að draga úr honum. Án þess getur skólinn ekki að fullu framfylgt aðalnámskrá framhaldsskóla.“
2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er hvatt til þess að skoða hvort tillit sé tekið til húsnæðismála skólans í fjárheimildum.
3. „Úttektaraðilar beina því til ráðuneytisins að endurskoða hlutverk foreldraráðs í framhaldsskólum þar sem víða virðist erfitt að uppfylla þær skyldur skv. lögum.“

Reykjavík, 26. nóvember 2014

Skýrsluna unnu:

Ingibjörg Guðmundsdóttir skólameistari
Oddný Hafberg aðstoðarskólameistari
Ingibjörg Axelsdóttir þróunarstjóri
Guðný Rún Sigurðardóttir fjármálastjóri